



# ÚTBOÐ nr. 15625

## Rammasamningur um lampa fyrir borgarlýsingu

**Kaupandi:**  
Reykjavíkurborg

**Umsjón:**  
Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Ágúst 2022



# EFNISYFIRLIT

|                                                            |           |
|------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1. ÚTBOÐSLÝSING</b>                                     | <b>3</b>  |
| ÚTBOÐSSKILMÁLAR                                            | 3         |
| 1.1.1 Almenn lýsing útboðs                                 | 3         |
| 1.1.2 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar                 | 3         |
| 1.1.3 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs                  | 3         |
| 1.1.4 Útboðsgögn og fylgiskjöl                             | 3         |
| 1.1.5 Ósk um skýringar á útboðsgögnum / Fyrirspurnir       | 3         |
| 1.1.6 Meðferð fyrirspurna, viðbótarupplýsingar og viðaukar | 4         |
| 1.1.7 Kynningarfundir / Vettvangsskoðun                    | 4         |
| 1.1.8 Tungumál                                             | 4         |
| 1.1.9 Tilboð í hluta                                       | 4         |
| 1.1.10 Frávikstilboð                                       | 4         |
| 1.1.11 Fylgigögn með tilboði                               | 4         |
| 1.1.12 Gerð, frágangur og afhending tilboða                | 4         |
| 1.1.13 Afturköllun tilboða                                 | 5         |
| 1.1.14 Opnun tilboða                                       | 5         |
| 1.1.15 Kröfur um tæknilegt hæfi bjóðenda                   | 5         |
| 1.1.16 Kröfur um fjárhagslegt hæfi bjóðenda                | 6         |
| 1.1.17 Mat tilboða og val á samningsaðila                  | 6         |
| 1.1.18 Samþykki tilboðs                                    | 7         |
| ALMENNIR SKILMÁLAR                                         | 7         |
| 1.1.19 Samningur                                           | 7         |
| 1.1.20 Verð og verðlagsgrundvöllur                         | 7         |
| 1.1.21 Afhending og þjálfun verktaka                       | 7         |
| 1.1.22 Rafrænn reikningur                                  | 7         |
| 1.1.23 UNSPSC vöruflokkun                                  | 8         |
| 1.1.24 Greiðslur                                           | 8         |
| 1.1.25 Samskipti á samningstíma                            | 8         |
| 1.1.26 Framkvæmd innkaupa                                  | 9         |
| 1.1.27 Örutboð                                             | 9         |
| 1.1.28 Óaðgengileg tilboð                                  | 9         |
| 1.1.29 Fyrirvarar á tilboðum                               | 9         |
| 1.1.30 Umsýslubóknun Innkaupaskrifstofu                    | 9         |
| 1.1.31 Hreyfingarlisti seljenda til Innkaupaskrifstofu     | 10        |
| 1.1.32 Vanefndir og uppsögn                                | 10        |
| 1.1.33 Framsal réttinda                                    | 10        |
| 1.1.34 Undirverktaka                                       | 10        |
| 1.1.35 Lög og reglugerðir                                  | 11        |
| 1.1.36 Ágreiningsmál                                       | 11        |
| <b>2. BÚNAÐARLÝSING</b>                                    | <b>12</b> |
| ALMENNT                                                    | 12        |
| 2.1.1 Almennar kröfur                                      | 12        |
| 2.1.2 Tæknilegar kröfur til lampa                          | 12        |
| 2.1.3 Mælingar og úttekt á búnaði                          | 13        |
| <b>3. TILBOÐSBLAÐ</b>                                      | <b>14</b> |

# 1. Útboðslýsing

## Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þeim reglum sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram hæfiskröfur til bjóðenda sem þeim ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu.

### 1.1.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir aðilum til þátttöku í rammasamningi um lampa fyrir borgarlýsingu samkvæmt nánari lýsingu í kafla 2.

Rammasamningar eru gerðir um tiltekna vöru- eða þjónustu í tiltekinn tíma, án þess að magntölur séu þekktar. Ekki er ljóst hvaða magn verður keypt á grundvelli útboðs þessa. Rammasamningurinn felur ekki í sér loforð um viðskipti.

Um er að ræða rammasamning sem byggir á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. Samningurinn gildir í fjögur ár. Heimilt er að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Undanskilin frá þessum samningi eru lampar til að uppfylla sértækar þarfir Reykjavíkurborgar vegna borgarlýsingar fyrir allt að 20% af heildarfjölda lampa.

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar er umsjónaraðili útboðsins en Reykjavíkurborg er hér eftir í þessum gögnum nefndur kaupandi.

### 1.1.2 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

Útboð þetta var auglýst á EES þann 8.ágúst.2022 og er um opið útboð að ræða.

- Fyrirspurnafrestur rennur út kl. 12:00 þann 31. ágúst. 2022.
- Svarfrestur rennur út þann 12:00 þann 6. september 2022.
- Opnunartími tilboða: **kl. 10:15 þann 13. september 2022**
- Opnun tilboða fer fram í Borgartúni 12-14, Reykjavík
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opnunardegi tilboða.

### 1.1.3 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, er umsjónaraðili útboðsins fyrir hönd kaupanda, Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609. Hægt er að hafa samband við skrifstofuna með því að senda tölvupóst á netfangið [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is) eða með því að hringja í síma 411-1040. Veffang Innkaupaskrifstofu er <http://reykjavik.is/utbod>.

### 1.1.4 Útboðsgögn og fylgiskjöl

Útboðsgögnum þessum fylgja ekki fylgiskjöl. Mögulegt er að umsjónaraðili útboðs gefi út viðauka við útboðsgögn fyrir opnun tilboða. Viðaukarnir verða gerðir aðgengilegir handhöfum útboðsgagna á útboðsvef Reykjavíkurborgar, <http://utbod.reykjavik.is>.

### 1.1.5 Ósk um skýringar á útboðsgögnum / Fyrirspurnir

Óski aðili eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim, skal senda Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar og eigi síðar en tilgreint er í grein 1.1.2. Svör við fyrirspurnum, viðbótarupplýsingar og viðaukar við útboðsgögn verða birtar bjóðendum á útboðsvef Reykjavíkurborgar.



Fyrirspurnin skal send í gegnum útboðsvef Reykjavíkur, <http://utbod.reykjavik.is>.

### 1.1.6 Meðferð fyrirspurna, viðbótarupplýsingar og viðaukar

Svör við fyrirspurnum, viðbótarupplýsingar og viðaukar við útboðsgögn verða birtar handhöfum útboðsgagna á útboðsvef Reykjavíkur, <http://utbod.reykjavik.is>.

### 1.1.7 Kynningarfundir / Vettvangsskoðun

Ekki verða haldnir kynningarfundir né boðið upp á vettvangsskoðun í útboði þessu.

### 1.1.8 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku eða ensku.

### 1.1.9 Tilboð í hluta

Á ekki við.

### 1.1.10 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

### 1.1.11 Fylgigögn með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði.

#### A. Almennar upplýsingar

- ☐ Almennar upplýsingar um uppbyggingu fyrirtækisins, stjórn og helstu stjórnendur.

#### B. Upplýsingar er varða verkefnið

- ☐ Útfyllt og undirritað tilboðsblað.

#### C. Upplýsingar um hæfi bjóðanda

- ☐ Upplýsingar sem sýna fram á hæfi bjóðanda, sbr. grein 1.1.15.
- ☐ Staðfesting frá viðkomandi yfirvaldi á að bjóðandi skuldi ekki opinber gjöld, sbr. grein 1.1.16.
- ☐ Staðfesting frá lífeyrissjóði á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld, sbr. grein 1.1.16
- ☐ Síðast gerður ársreikningur, undirritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi eða yfirlýsing löggilts endurskoðanda, sbr. grein 1.1.16.
- ☐ Ef við á, yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um jákvætt eigið fé sbr. grein 1.1.16

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, kann það að valda ógildingu tilboðs.

### 1.1.12 Gerð, frágangur og afhending tilboða

Tilboð skulu sett fram samkvæmt tilboðsblaði og fyrirmælum á útboðsvef Innkaupaskrifstofu. Bjóðendur skulu í tilboðum sínum gera ráð fyrir öllum kostnaði sem þeir skulu bera samkvæmt þessum gögnum.

Tilboði ásamt umbeðnum gögnum skal skila með rafrænum hætti á útboðsvef Innkaupaskrifstofu: <http://utbod.reykjavik.is>. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að uppgjafinn tilboðsfrestur er útrunninn.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum, sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

#### 1.1.13 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Innkaupaskrifstofu fyrir opnunartíma tilboða. Eftir að opnunartími rennur upp er ekki hægt að afturkalla tilboð.

#### 1.1.14 Opnun tilboða

Opnun tilboða fer fram með rafrænum hætti á útboðsvef Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Umsókn um aðild verður opnuð eftir að tilgreindur tilboðsfrestur rennur út. Fundargerð opnunarfundar verður birt á vef Innkaupaskrifstofu eftir að tilboð verða opnuð.

Við opnun tilboða verða lesin upp nöfn bjóðenda.

#### 1.1.15 Kröfur um tæknilegt hæfi bjóðenda

Bjóðendur skulu uppfylla tæknilegt hæfi samkvæmt neðangreindu.

Uppfylli bjóðendur ekki tæknilegar hæfiskröfur verður tilboði þeirra vísað frá.

Þess er krafist að bjóðendur uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- ☐ Bjóðendur skulu hafa starfað í að a.m.k. 3 ár við sölu á lömpum sem ætlaðir eru til borgarlýsingar þ.e. götu- og stígalýsingar, lýsingu á kennileiti, áherslulýsing á úthliðum bygginga, upplifunarlýsing á lóðum og opnum svæðum og fleira.
  - Bjóðendur skulu skila, með tilboði sínu, yfirlýsingum a.m.k. tveggja óháðra aðila, um fullnægjandi efndir samninga vegna sölu og þjónustu lampa sem ætlaðir eru til borgarlýsingar. Samanlagt skulu slíkar yfirlýsingar vísa til a.m.k. þriggja ára tímabils.
  - Starfsmenn bjóðanda skulu hafa sérþekkingu á þeirri þjónustu sem boðinn er og þeir sem vinna við þennan samning hafi a.m.k. þriggja ára reynslu af sambærilegum verkefnum.
- ☐ Bjóðendur skulu sýna fram á að þeir geti framkvæmt lýsingarútreikninga í viðurkenndu forriti eins og Dialux eða sambærilegu og skulu dæmi um það fylgja tilboði. Þeir bjóðendur sem notfæra sér erlenda birgja til að gera lýsingarútreikninga skulu sýna fram á að þeir geti rýnt þá og hafi yfirgripsmikla þekkingu á öllu sem að þeim snýr og þeim stöðlum sem stuðst er við.
  - Bjóðendur skulu leggja fram ferilskrár þeirra starfsmanna sem munu koma að verkefnum eða aðrar sambærilegar upplýsingar er sýna fram á hæfi starfsmanna.
- ☐ Lampaframleiðendur skulu vera með vottað gæðakerfi.
  - Bjóðendur skulu skila með tilboði sínu upplýsingum um alla þá lampaframleiðendur sem þeir hyggjast bjóða fram í þessum rammisamningi og skulu þeir geta sýnt fram á að þeir hafi vottað gæðakerfi fyrir framleiðslu lampa sem fara á markað í Evrópu.
- ☐ Gerð er krafa um að verkstæði og/eða viðgerðarþjónusta bjóðanda eða undirverktaka hafi vottun eða séu viðurkennd af þeim framleiðendum lampa sem bjóðandi býður þannig að ábyrgð framleiðanda falli ekki úr gildi framkvæmi bjóðandi viðgerðir á lömpunum.
  - Kaupandi er heimilt að hafna einstökum vörumerkjum sem ekki uppfylla framangreinda kröfu án þess að hafna tilboði viðkomandi bjóðanda í heild sinni.

### 1.1.16 Kröfur um fjárhagslegt hæfi bjóðenda

Gerðar eru eftirtaldar fjárhagslegar kröfur til bjóðenda. Uppfylli bjóðendur ekki fjárhagskröfur útboðsgagna verður tilboðum þeirra hafnað.

- ☐ Gerð er krafa um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
  - Bjóðendur skulu skila, með tilboði sínu, staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða.
- ☐ Gerð er krafa um að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.
  - Bjóðendur skulu skila, með tilboðum sínum staðfestingu frá lífeyrissjóði/-sjóðum á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða.
- ☐ Gerð er krafa um jákvætt eigið fé bjóðanda.
  - Bjóðendur skulu skila síðastgerðum ársreikningi. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda.
- ☐ Hafi bjóðendur ekki látið endurskoða ársreikning er þeim heimilt að leggja fram yfirlýsingu löggilts endurskoðanda þess efnis eiginfjárstaða fyrirtækisins sé jákvæð á opnunardegi tilboða.

Geti bjóðandi ekki sýnt fram á skil og jákvæða eignfjárstöðu sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningabætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum er óheimilt að gera við hann samning. Mat á framangreindu miðast við opnunardag tilboða.

**Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:**

1. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1. til 5. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

### 1.1.17 Mat tilboða og val á samningsaðila

Að lágmarki verður samið við 3 aðila. Berist færri tæk tilboð verður öllum tilboðum hafnað.

Samið verður við alla aðila er uppfylla hæfiskröfur útboðsgagna.



### 1.1.18 Samþykki tilboðs

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

### **Almennir skilmálar**

Í almennum skilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli, eftir að tilboð hefur verið endanlega samþykkt af kaupanda.

### 1.1.19 Samningur

Samningur tekur gildi þegar tilboð hafa verið endanlega samþykkt. Samningur er til fjögurra ára. Heimilt er að segja samningnum upp með 3 mánaðar fyrirvara.

### 1.1.20 Verð og verðlagsgrundvöllur

Verðlagsgrundvöllur vegna innkaupa þar sem heildarvirði samnings er áætlað yfir kr. 3 milljónir með vsk verður tilgreindur í örútbóðsgögnum.

### 1.1.21 Afhending og þjálfun verktaka

Afhendingartími og afhendingarskilmálar verða settir fram í örútbóðsgögnum þegar það á við.

Áætluð eru innkaup á rúmlega 9 þúsund lömpum á samningstímabilinu.

Almennt er ekki gert ráð fyrir því að einstakar lampagerðir séu lagervara hjá bjóðanda. Þegar um stærri innkaup er að ræða, s.s. 300 lampar eða fleiri, þá skal bjóðandi gera ráð fyrir afhendingu sem nær yfir ákveðið tímabil þannig að bjóðandi gefist tækifæri til að setja þá upp með þeim mannafla sem hann hefur yfir að ráða og að lampar verði afgreiddir af lager birgja hverju sinni eftir þörfum kaupanda.

Við uppsetningu lampa verða ráðnir löggiltir rafverktakar sem hafa yfir að ráða starfsmönnum með fagmenntun til að stunda þessa vinnu. Áður en uppsetning lampa hefst skal bjóðandi halda námskeið fyrir þá og samþykkja hæfi þeirra þannig að ábyrgð framleiðanda falli ekki úr gildi vegna vinnu umræddra starfsmanna. Kostnaður vegna þjálfunar verktaka skal vera innifalinn í vöruverði.

### 1.1.22 Rafrænn reikningur

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara hefur verið afhent kaupanda.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: 570480-0149 (Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar)
- Kostnaðarstaður/deild
- Verknúmer og/eða verkþáttur
- Númer samnings/útboðsnúmer: 15625
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining

- Listaverð án vsk., afsláttarprósenta og afsláttarverð án vsk.
- UNSPSC númer: [39111600]
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: [rafraenir.reikningar@reykjavik.is](mailto:rafraenir.reikningar@reykjavik.is).

Þjóðandi skal gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

### 1.1.23 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opinn staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar.

Reykjavíkurborg gerir kröfu til rammamningsaðila um að í öllum línunum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

UNSPSC númer fyrir lampa í borgarlýsingu er UNSPSC 39111600 „Exterior lighting fixtures and accessories“.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

### 1.1.24 Greiðslur

Rammamningsaðilum er óheimilt að gefa út reikninga fyrr en lampar hafa verið afhentir nema annað sé tilgreint í örútbodsgögnum.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans, gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Reikninga skal senda á Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Eingöngu er tekið við númeruðum reikningum í frumriti og telst reikningur gildur ef hann er stílaður á Reykjavíkurborg með réttri kennitölu og upplýsingum um þá vöru eða þjónustu sem hefur verið veitt, hvaða aðili hefur pantað, á hvaða kostnaðarstað ásamt frumriti innkaupabeiðnar. Vegna reikninga á Reykjavíkurborg-Eignasjóð verður enn fremur að tilgreina verkbeiðnanúmer. Fylgja þarf staðfesting þess (móttökukvittun á reikning með nafni og kennitölu) sem tekur við vöru eða þjónustu fyrir hönd borgarinnar.

Birgjar sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármálaskrifstofu í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: [bokhald@reykjavik.is](mailto:bokhald@reykjavik.is).

### 1.1.25 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur munu aðilar hjá Reykjavíkurborg og/eða sérstakir ráðgjafar þeirra annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Á samningstímanum skal þjóðandi gera ráð fyrir að veita kaupanda þjónustu við lýsingarútreikninga eftir því sem þurfa þykir og verður umfang þeirrar þjónustu tilgreint í örútbodsgögnum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

#### 1.1.26 Framkvæmd innkaupa

Fyrir öll innkaup þar sem heildarsamningsfjárhæð er áætluð jöfn eða yfir kr. 3 milljónir með vsk. skulu kaupin boðin út með örútbóði innan rammisamnings milli þeirra aðila sem efnt geta samninginn. Þau tilboð sem berast og standast tæknilegar kröfur sem settar verða fram í örútbóðsgögnum.

Fyrir innkaup þar sem heildarsamningsfjárhæð er áætluð undir kr. 3 milljónir með vsk. gildir að kaupandi skal gera LCC samanburð eftir atvikum á milli allra aðila innan rammisamnings og kaupa hjá þeim seljanda sem býður vöru sem stenst tæknilegar kröfur samkvæmt kröfulýsingu og býður upp á lægsta (nettó) verð hverju sinni.

#### 1.1.27 Örútbóð

Reykjavíkurborg mun í þessum samningi nýta sér rétt í lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup til að framkvæma örútbóð vegna innkaupa þar sem áætluð heildarsamningsfjárhæð er yfir 3 milljónir kr. með vsk. og verður þá almennt einungis samið við einn aðila um viðskipti í slíkum örútbóðum eftir nánari skilgreiningu í örútbóðsgögnum.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að setja fram ítarlegri skilmála, s.s. ábyrgðarskilmála, afhendingarskilmála, þjónustuskilmála, tryggingarskilmála o.fl., í örútbóðum sem og tæknilegar kröfur til lampa. Kaupandi áskilur sér rétt til að leggja fram nánar skilgreint matslíkan í örútbóðsgögnum eftir eðli innkaupa. Slíkt matslíkan getur meðal annars byggt á eftir farandi matsviðmiðum:

- Verð, líftímakostnaður, vistferilskostnaður, gæði, umhverfispættir, ábyrgð, útfærsla vöru/þjónustu og öðrum viðeigandi matsviðmiðum.

#### 1.1.28 Óaðgengileg tilboð

Berist ekki tilboð í einstöku örútbóði eða verði öll tilboð í einstöku örútbóði metin óaðgengileg áskilur kaupandi sér rétt til að bjóða viðkomandi vörulýsingu út á almennum markaði, ýmist í samræmi við gildandi innkaupareglur Reykjavíkurborgar hverju sinni eða lög um opinber innkaup.

#### 1.1.29 Fyrirvarar á tilboðum

Bjóðendum er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sín hvort sem um ræðir tilboð í útbóði þessu eða tilboð í einstökum örútbóðum innan rammisamningsins, nema slíkt sé sérstaklega heimilað. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði vísað frá.

#### 1.1.30 Umsýsluþóknun Innkaupaskrifstofu

Innifalið í boðnum vöruverðum skal vera 1% umsýsluþóknun Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, vegna samnings þessa. Seljendur skulu standa Innkaupaskrifstofu skil á þessari umsýsluþóknun í samræmi við veltu samnings. Framangreind umsýsluþóknun gildir einnig í örútbóðum innan rammisamningsins.

Innkaupaskrifstofa áskilur sér rétt til að sannreyna framlagðar upplýsingar með aðkomu löggilts endurskoðanda. Verði löggiltur endurskoðandi kallaður til mun bjóðandi greiða þóknun hans ef í ljós kemur að uppgæfnar upplýsingar séu rangar en reynist upplýsingar réttar mun kaupandi bera kostnaðinn.

#### 1.1.31 Hreyfingarlisti seljenda til Innkaupaskrifstofu

Seljandi vörunnar skal halda nákvæma skrá yfir alla þá vöru sem hann selur til Reykjavíkurborgar, án tillits til hvaða stofnun/svið pantar eða greiðir vöruna.

Kaupandi skal geta kallað eftir hreyfingarlista fyrir öll innkaup í Excel skjali þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar í þeirri röð sem þær eru taldar upp:

- Kaupandi (pöntunarstaður), kt. kaupanda, vörunúmer, vöruheiti, UNSPSC númer, magn, fjöldi eininga, afsláttarprósenta, verðlistaverð án vsk.

Jafnframt er seljanda skylt að veita kaupanda allar upplýsingar og skýringar sem kann að verða óskað eftir er varða samninginn. Framangreint gildir allan samningstímann.

Vakin er athygli á að það er riftunarástæða ef seljandi sinnir ekki skyldu sinni um skýrslugerð á réttum tímum eða verður uppvís að undanbrögðum í þeim efnum.

#### 1.1.32 Vanefndir og uppsögn

Bjóðandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda bjóðanda er bjóðandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti bjóðandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu bjóðanda að ræða varðandi afhendingartíma getur kaupandi sagt upp samningi án fyrirvara.

#### 1.1.33 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki kaupanda.

#### 1.1.34 Undirverktaka

Ef bjóðandi hyggst fá undirverktaka til verkefnisins skal hann leggja fram með tilboði sínu nöfn undirverktaka, ásamt nöfnum stjórnenda og tilgreina verkþátt undirverktaka, á lista yfir undirverktaka, sem fylgir útboðsgögnum þessum. Listi bjóðenda yfir undirverktaka er bindandi af hans hálfu og komi til breytinga varðandi undirverktaka á samningstímanum skal óska samþykkis kaupanda. Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum verksamningi á milli bjóðanda og undirverktaka hans.

Hafi bjóðandi/rammasamningsaðili ekki gert ráð fyrir undirverktökum og skilað lista yfir þá með tilboði sínu, sbr. hér að framan, er verktaka óheimilt, án fyrirfram samþykkis kaupanda, að láta þriðja aðila ganga inn í tilboð sitt og efna samninginn allan eða hluta hans í sinn stað.

Undirverktakar eru ábyrgir gagnvart bjóðanda/rammasamningsaðila, en bjóðandi/rammasamningsaðili ber ábyrgð á öllum hlutum samningsins gagnvart kaupanda. Öll ákvæði útboðsgagna og samnings, eftir því sem við getur átt, gilda jafnt um rammasamningsaðila og undirverktaka hans.



Rammisamningsaðila og undirverktaka hans er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða eða það á við samkvæmt venju og eðli máls.

#### **1.1.35 Lög og reglugerðir**

Væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Þjóðandi skal tryggja að vara eða þjónusta sem boðin er sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að.

#### **1.1.36 Ágreiningsmál**

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi lýsing fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 2. Búnaðarlýsing

Í búnaðarlýsingu koma fram upplýsingar um framkvæmd samningsins og er m.a. kveðið á um lágmarkskröfur varðandi gæði við afhendingu á samningstíma. Einnig er eftir atvikum kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila eftir að kominn er á bindandi samningur.

### Almennt

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir aðilum til þátttöku í rammisamningi um lampa fyrir borgarlýsingu samkvæmt nánari lýsingu í kafla þessum.

#### 2.1.1 Almennar kröfur

Lampar skulu vera með LED („Light Emitting Diode“) ljósgjafa og skulu uppfylla kröfur samkvæmt:

- ÍST EN 62722-2-1  
Nothæfi ljóskera – Hluti 2-1: Sérstakar kröfur fyrir ljósdíóðuker  
(„Luminaire performance – Part 2-1: Particular requirements for LED luminaires“).
- ÍST EN 62717  
Ljósdíóðueiningar til almennrar lýsingar – Kröfur um nothæfi  
(„LED modules for general lighting – Performance requirements“)

Þess er krafist að framleiðandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Lampaframleiðendur skulu vera með ISO 9001 vottað gæðakerfi.
- Allir boðnir lampar skulu vera með a.m.k. fimm ára verksmiðjuábyrgð frá afhendingardegi.
- Framleiðandi skal hafa umboðsaðila á Íslandi.

#### 2.1.2 Tæknilegar kröfur til lampa

Gerðar verða lágmarkskröfur til lampa í örútbóðsgögnum eða vegna smærri innkaupa. Gera má ráð fyrir að lágmarkskröfur nái til eftirfarandi atriða.

|                  |                                                              |
|------------------|--------------------------------------------------------------|
| Þéttleiki:       | IP65 til IP67                                                |
| Höggþol:         | IK06 til IK10                                                |
| Lampahús:        | C3 til C5 tæringarvörn ásamt saltprófun og mismunandi litir. |
| Aflstuðull:      | ≥ 0,9 við fullt afl.                                         |
| Litarhitastig:   | 2.200K til 4.000K.                                           |
| Litarendurgjöf:  | ≥ CRI 80.                                                    |
| R9               | ≥ 10                                                         |
| Glýjustuðull:    | D4 til D6                                                    |
| Afskerming:      | G1 til G6                                                    |
| Stýringar:       | ZHAGA tengill á lampa þar sem það á við.                     |
| Búnaður í lampa: | DALI2/D4i straumfestu þar sem það á við.                     |

Þjóðandi skal ávalt skrá þessar upplýsingar með viðeigandi tilvísun í tæknileg gögn frá framleiðanda þannig að ekki þurfi að leita í bæklingum eða á vefsíðum að þeim.



### 2.1.3 Mælingar og úttekt á búnaði

Kaupandi áskilur sér rétt til þess að framkvæma úttekt á búnaði innan ábyrðatíma með því að láta framkvæma ljós- og aflmælingar bæði í upphafi og eftir tileikin tíma þegar reynsla er kominn á hann.

Komi í ljós gallar í búnaði, hann stenst ekki lýsingarkröfur eða að aflnotkun er ekki í samræmi við tæknilegar upplýsingar um boðin búnað, þá verður bjóðanda gefin kostur á að bæta úr því innan sanngjarnra tímamarka að mati kaupanda.

Takist bjóðanda ekki að framkvæma þær úrbætur sem eru nauðsynlegar, skal hann fjarlægja allan búnað á sinn kostnað og endurgreiða kaupanda þá fjárhæð sem hann greiddi fyrir búnaðinn í hlutfalli við notkunartíma í 20 ár.



### 3. Tilboðsblað

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðs- og búnaðarlýsingu þessa nr. 15625 og óskar eftir að gerast aðili að rammasamningnum.

Bjóðandi lýsir því jafnframt yfir með undirritun sinni að viðskiptasaga hans er eðlileg og uppfyllir kröfur útboðsgagna. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt kaupanda fram á að öll skilyrði um eðlilega viðskiptasögu helstu eigenda og stjórnenda bjóðanda séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef í ljós kemur á samningstíma að hann hafi ekki uppfyllt skilyrði um eðlilega viðskiptasögu við opnun tilboða eða síðar á samningstíma getur bjóðandi rift samningi án frekari fyrirvara. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi trygginga eða ábyrgða.

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að þjónustu við Reykjavíkurborg, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka hans, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi rift samningi án frekari fyrirvara.

#### Upplýsingar um bjóðanda og undirskrift:

|                              |  |
|------------------------------|--|
| Nafn bjóðanda                |  |
| Kennitala                    |  |
| Staður og dagsetning tilboðs |  |
| <u>Undirskrift bjóðanda</u>  |  |